

8. apríl 2019

ISAVIA ohf.
Reykjavíkflugvöllur
101 Reykjavík

Sveitarfélagið Hornafjörður
Hafnarbraut 27
780 Höfn

Tilkynning um auglýsingu á starfsleyfisdrögum fyrir Isavia v/ Hornafjarðarflugvallar

Með bréfi þessu fylgja drög að skilyrtu starfsleyfi fyrir Isavia ohf. vegna rekstur Hornafjarðarflugvallar.

Sótt var um starfsleyfi fyrir Hornafjarðarflugvöll þann 29. janúar, eftir að fyrra starfsleyfi rann út.

Lengri tíma hefur tekið að vinna nýtt starfsleyfi en áformað var. Þetta er m.a. vegna skorts á gögnum frá fyrirtækinu, áforma um breytingar á fyrirkomulagi við geymslu flugvélaeldsneytis, undanþágubeiðni vegna varna gegn olíumengunar við flughlað og álitamuns um túlkun á ákvæðum um starfsleyfi í reglugerð 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi.

Áformað er að gefa starfsleyfið út til 3ja mánaða og á þeim tíma verði unnið að úrlausn ofangreindra mála, enda ekki viðunandi að starfsstöðin sé rekin öllu lengur án formlegs leyfis.

Starfsleyfisdrögin verða auglýst á heimasíðu HAUST, haust.is, á næstu dögum og veittur fjögurra vikna umsagnafrestur. Þetta er í samræmi við eftirfarandi ákvæði í 6.gr. í reglugerð 550/2018 um losun frá atvinnustarfsemi og mengunarvarnaeftirlit þar sem segir: „Útgefandi starfsleyfis skal vinna tillögur að starfsleyfi skv. 1. mgr. og auglýsa opinberlega á vefsíðu sinni hvers efnis þær eru og hvar megi nálgast þær. Heimilt er að gera skriflegar athugasemdir við tillögur útgefanda starfsleyfis innan fjögurra vikna frá auglýsingu“.


Athugasemdir við starfsleyfisdrögin skulu vera skrifleg og berast Heilbrigðiseftirliti Austurlands innan auglýsts tímafrests.

Þetta tilkynnist hér með.

F.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands,



Helga Hreinsdóttir
Helga Hreinsdóttir
heilbrigðisfulltrúi



Afrit í tölvupósti til Jörundar Ragnarssonar, Egilsstaðaflugvelli og Ásgeirs Núpan, Hornafjarðarflugvelli.